

## Úrskurður tollstjórans í Reykjavík nr. 27/2004.

Úrskurður tollstjórans í Reykjavík nr. 27/2004 um kæru A, á álagningu aðflutningsgjalda við innflutning á bifreiðinni X.

### I.

Með bréfi dagsettu 15. desember 2004 mótmælir A álagningu tollstjórans í Reykjavík á aðflutningsgjöldum vegna innflutnings bifreiðarinnar X og leggur fram leiðréttá aðflutningsskýrslu vegna innflutnings hennar. Embætti tollstjóra lítur svo á að um kæru skv. 100. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum sé að ræða.

### II.

Málavextir eru þeir að kærandi hefur verið búsettur í Bandaríkjunum undanfarin ár. Framan greind bifreið kom með skipi til landsins þann 30. nóvember 2004. Bifreiðin er af gerðinni Ford Taurus árgerð 2003 og er flutt frá Bandaríkjunum sem hluti af búslóð sbr. V kafli. reglugerðar nr. 374/1995 með síðari breytingum. Bifreiðin er samkvæmt innsendum gögnum fyrst skráð 4. september 2003 þegar kærandi kaupir hana.

Þann 3. desember 2004 lagði kærandi fram aðflutningsskýrslu ásamt kaupsamningi vegna kaupa á bifreiðinni og reikning vegna flutningsgjalda frá Eimskip. Á kaupsamningi kemur fram staðgreiðsluverð (Cash price) bifreiðarinnar \$ 12.712,30. Síðan eru sundurliðaðar greiðslur og kostnaður vegna kaupanna og í þeim hluta kaupsamnings sem tilgreinir heildarverð segir „*Total sale price The total cost of your purchace on credit including your downpayment of \$ 4000*” \$ 14.701,60. Samkvæmt því var verð bifreiðinnar samkvæmt kaupsamningi \$ 14.701,60 og á grundvelli þessara upplýsinga voru aðflutningsgjöld reiknuð.

Heildarverð bifreiðar var því ISK. 962.220 að fráðreginni fyrningu (21%) kr. 202.066 = FOB verð kr. 760.154,-. Við það bætist flutningsgjald kr. 89.507,- og váttrygging kr. 12.745,- tollverðið er því kr. 862.406,-. Álögð gjöld eru; spilliefnagjald kr. 2.475,-, vörugjald kr. 388.083,- og virðisaukaskattur kr. 306.976,- aðflutningsgjöld alls kr. 697.534,-.

Innflytjandi fékk akstursleyfi fyrir bifreiðina til 30.12.04 sem hefur verið framlengt til 6. janúar 2005. Aðflutningsgjöld hafa ekki verið greidd.

### III.

Í kæru segir kærandi að forsendur fyrri skýrslu hafi verið rangar þar sem við útreikning verðmætis bifreiðarinnar hafi verið gert ráð fyrir kostnaði vegna lántöku vegna kaupanna. Hann leggur fram leiðréttá skýrslu og leggur þar til grundvallar að verð bifreiðarinnar sé \$ 12.712,30 (cash price) reikningsverð skuli vera kr. 832.020,- sem gerir FOB verð 657.296,- og tollverð 758.005,-. Segir að þar sem bifreiðin var flutt inn sem hluti af búslóð sé óheimilt við ákvörðun tollverðs að bæta við lántökukostnaði og tryggingum. Vísar kærandi til 8. og 9. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, þar sem fram kemur að viðskiptaverð sé það verð sem

raunverulega er greitt fyrir vöru og að óheimilt sé að bæta við öðru en því sem upp er talið í tilvitnuðum ákvæðum, lántökukostnaður sé ekki meðal þeirra atriða sem þar eru talin upp. Kærandi krefst þess að framangreindar forsendur séu lagðar til grundvallar útreikningi á aðflutningsgjöldum bifreiðarinnar.

#### IV.

Ágreiningur þessa máls snýst um hvort lagt skuli til grundvallar við útreikning tollverðs, verð bifreiðarinnar eins og það hefði orðið ef hún hefði verið staðgreidd, eða það verð sem kærandi greiddi fyrir bifreiðina samkvæmt kaupsamningi.

Kærandi vísar til þess að bifreiðin hafi verið flutt inn sem hluti af búslóð. Ákvæði 4. tl. 5. gr. tollalaga nr 55/1987, með síðari breytingum, kveða á um tollfríðindi vegna búslóðaflutninga þar segir í niðurlagi ákvæðisins „*Tollfrelsi samkvæmt þessum lið tekur ekki til ökutækja eða annarra vélknúinna farartækja*“.

Við tollafgreiðslu bifreiða sem fluttar eru inn sem hluti af búslóð er byggt á 23. reglugerðar 347/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun. Það felur í sér að tekið er tillit til hagstæðari fyrningar en ella sbr. b liður 21. gr. sömu reglugerðar frá útgáfudegi vörureiknings. Við útreikning tollverðs bifreiðar kæranda var byggt á framangreindum ákvæðum og hefur því verið tekið tillit til þeirra lagaákvæða sem til greina koma vegna innflutnings á bifreiðinni sem hluta af búslóð.

Kærandi vísar til 8. og 9. gr. tollalaga nr. 55/1987 án þess að vísa til ákveðinna tölulíða um að viðskiptaverð skuli lagt til grundvallar og að óheimilt sé að leggja á annað en það sem upp sé talið í ákvæðum 9. gr. tollalaga.

Viðskiptaverð vöru er það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöru sbr. 1. mgr. 8. gr. Ákvæði 9. gr. felur í sér skyldu tollyfirvalda til að bæta við þeim gjöldum sem tilgreind eru í ákvæðinu og eru ekki innifalin í því verði sem raunverulega er greitt fyrir vöru.

Þetta verður ekki skilið öðru vísi en svo að viðskiptaverð vöru er það verð sem greitt er fyrir vöruna samkvæmt reikningi þegar hún er keypt. Vörureikningur tilgreinir það verð sem krafist er að greitt sé. Skiptir þá ekki máli hvort varan hefur verið keypt með afslætti eða að viðbættum kostnaði sem forsenda kaupanna. Í tilviki kæranda er lántökukostnaður innifalinn í því verði sem tilgreindur er á reikningi og það er það verð sem raunverulega er greitt fyrir vöruna samkvæmt kaupsamningi og þar af leiðandi ekki um það að ræða að verð sé að bæta við einhverjum gjöldum umfram viðskiptaverð þegar tollverð var ákvarðað. Með vísan til framangreindra raka er kröfu innflytjanda hafnað.

#### Úrskurður

Embætti tollstjórans í Reykjavík hafnar kröfu A um að verð það sem tilgreint er sem staðgreiðsluverð í kaupsamningi verði lagt til grundvallar við ákvæðun tollverðs af bifreiðinni X.

Úrskurði þessum er heimilt að skjóta til Ríkistollanefndar sbr. 1. mgr. 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum. Kærufrestur er 60 dagar frá póstlagningardegi þessa bréfs.

Reykjavík 31.12.2004.